



6.2.4. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, sbr. rgl. nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Bílastæði hreyfihamlaðra

### Í grein 6.2.4 í byggingarreglugerð segir:

„Bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera sérstaklega merkt á yfirborði og einnig með lóðréttu skilti. Þau skulu vera sem næst aðalinngangi bygginga, ekki fjær en u.þ.b. 25 m.

Hindrunarlaus leið skal vera frá bílastæðum hreyfihamlaðra að aðalinngangi byggingar.

Bílastæði hreyfihamlaðra og umferðarleiðir frá þeim að aðalinngangi byggingar skulu vera upphituð þar sem því verður við komið.

Bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera 3,80 m x 5,00 m að stærð eða 2,80 m x 5,00 m með hindrunarlausu 1,00 m breiðu umferðarsvæði samsíða. Bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera með tryggu aðgengi að gönguleiðum. Eitt af hverjum fimm bílastæðum fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei færri en eitt, skal vera 4,5 m x 5,0 m að stærð og við enda þeirra athafnasvæði, um 3 m að lengd. Bílastæði hreyfihamlaðra sem eru samsíða akbraut skulu vera 2,5 m x 8,0 m að stærð og þess gætt að hindrunarlaust svæði sé samsíða stæðunum gangstéttarmegin 2,0 m x 8,0 m að stærð.

Fjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða við íbúðarhús, önnur en sérbýlishúsa, skal að lágmarki vera skv. töflu 6.01. Þegar um fleiri íbúðir er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hverjar byrjaðar 25 íbúðir.

**Tafla 6.01 Lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða við íbúðarhús, önnur en sérbýlishús.**

| Fjöldi íbúða: | Bílastæði fyrir hreyfihamlaða: |
|---------------|--------------------------------|
| 1-10          | 1                              |
| 11-20         | 2                              |
| 21-40         | 3                              |
| 41-65         | 4                              |

Við samkomuhús, s.s. kvikmyndahús, skemmtistaði, veitingastaði, leikhús, félagsheimili, íþróttamannvirki, ráðstefnusali, tónlistarsali eða aðrar slíkar byggingar skal lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða vera skv. töflu 6.02. Þegar sætafjöldi samkomuhúss er meiri bætist við eitt bílastæði fyrir hver byrjuð 300 sæti.

**Tafla 6.02 Lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða við samkomuhús.**

| Fjöldi sæta: | Bílastæði fyrir hreyfihamlaða: |
|--------------|--------------------------------|
| 1-100        | 1                              |
| 101-200      | 2                              |
| 201-300      | 3                              |
| 301-400      | 4                              |
| 401-500      | 5                              |
| 501-700      | 6                              |
| 701-900      | 7                              |
| 901-1.100    | 8                              |
| 1.101-1.300  | 9                              |
| 1.301-1.500  | 10                             |



Ef fjöldi bílastæða á lóð annarra bygginga en falla undir 5. og 6. mgr. er ákvarðaður í skipulagi skal lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða á lóð vera skv. töflu 6.03. Þegar um fleiri stæði er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hver byrjuð 200 stæði. Ætíð skal að lágmarki gera ráð fyrir einu stæði fyrir hreyfihamlaða.

**Tafla 6.03 Aðrar byggingar. Lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða þar sem fjöldi almennra bílastæða er ákveðinn í skipulagi.**

| Fjöldi bílastæða: | Þar af fyrir hreyfihamlaða: |
|-------------------|-----------------------------|
| 1-9               | 1                           |
| 10-25             | 2                           |
| 26-50             | 3                           |
| 51-75             | 4                           |
| 76-100            | 5                           |
| 101-150           | 6                           |
| 151-200           | 7                           |
| 201-300           | 8                           |

Ef fjöldi bílastæða á lóð bygginga, annarra en falla undir 5. og 6. mgr., er ekki ákvarðaður í skipulagi skal lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða vera skv. töflu 6.04. Þegar um fleiri starfsmenn/gesti er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hverja byrjaða 200 starfsmenn/gesti.

**Tafla 6.04 Aðrar byggingar. Lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða þar sem fjöldi almennra stæða er ekki ákveðinn í skipulagi.**

| Fjöldi starfsmanna og gesta: | Bílastæði fyrir hreyfihamlaða: |
|------------------------------|--------------------------------|
| 1-20                         | 1                              |
| 21-40                        | 2                              |
| 41-80                        | 3                              |
| 81-120                       | 4                              |
| 121-160                      | 5                              |
| 161-200                      | 6                              |
| 201-300                      | 7                              |
| 301-400                      | 8                              |
| 401-500                      | 9                              |
| 501-600                      | 10                             |

Ávallt skal gera ráð fyrir bílastæðum sem henta fyrir hreyfihamlaða í bílgeymslum sem almenningur hefur aðgang að. Leitast skal við að hafa bílastæði sem henta hreyfihömluðum í sameiginlegum bílgeymslum íbúðarhúsa í samræmi við fyrirkomulag eignarhalds í bílgeymslunni og fjölda íbúða sem hún tilheyrir. Fækka má bílastæðum á lóð mannvirkis samkvæmt töflum 6.01-6.04 sem nemur fjölda sérmerktra stæða fyrir hreyfihamlaða í sameiginlegri bílgeymslu, enda sé tryggt að gestkomandi hafi ávallt aðgang að hluta stæðanna. Sveitarfélagi er heimilt að gera frekari kröfur um fjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

## Leiðbeiningar

- 1 Markmiðið með þessu ákvæði reglugerðarinnar er að tryggja næg bílastæði fyrir hreyfihamlaða við byggingar og góðan hindrunarlausan aðgang að inngöngum bygginganna frá stæðunum. Hámarks fjarlægð að inngangi frá bílastæði fyrir hreyfihamlaða er 25 m. Þar sem mörg stæði eru




fyrir hreyfihamlaða sem ekki komast öll fyrir innan 25 metra, þá skal þess sérstaklega gætt að sem flest þeirra uppfylli ákvæðið.

Þess skal gætt að næg bílastæði fyrir hreyfihamlaða séu við byggingar, sjá töflur 6.01 - 6.04.

Bent skal á að æskilegt er að við fjölbýlishús séu stæði fyrir hreyfihamlaða sem ætluð eru til tímabundinnar notkunar fyrir ferðabjónustu fatlaðra, sjúkrabíla og gesti, enda sé húsfélögum fjölbýlishúsa einnig heimilt að úthluta hreyfihömluðum íbúum sérmerktum stæðum.

Kröfurnar ná ekki til sérþýlishúsa og frístundahúsa, nema frístundahúsa sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar.


- 2 Bílastæðin skulu vera með bundnu og sléttu yfirborðsefni með hálkuvörn.
- 3 Bílastæði hreyfihamlaðra og umferðarleiðir frá þeim að aðalinngangi byggingar skulu vera upphituð þar sem því verður við komið.
- 4 Mælt er með að bílastæði hreyfihamlaðra séu upphækkuð í gangstéttarhæð og tengd göngu-leiðum þar sem því verður við komið.
- 5 Við útfærslu á bílastæðum fyrir hreyfihamlaða skal taka tillit til rýmisþarfa hjólastólanotenda.
- 6 Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skal vera 3,8 m að breidd og 5,0 m að lengd eða 2,80 m x 5,00 m með 1,00 m breiðu hindrunarlausu umferðarsvæði samsíða. Fimmta hvert stæði fyrir hreyfihamlaða skal vera 4,5 m x 5,0 m að stærð með þriggja metra löngu athafnasvæði fyrir enda þess eða alls 4,5 m x 8,0 m að stærð (fyrir ferðabjónustubíla og aðra stóra bíla fyrir hreyfihamlaða sem útbúnir eru með lyftu eða skábraut). Þó skal aldrei vera færri en eitt slíkt stæði við hverja byggingu.



Mynd 1. Dæmi um bílastæði. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða er í sömu hæð og gangstétt




- 7 Bílastæði hreyfihamlaðra sem eru samsíða akbraut skulu vera 2,5 m x 8,0 m að stærð og þess gætt að hindrunarlaust svæði sé samsíða stæðunum gangstéttarmegin 2,0 m x 8,0 m að stærð.



Mynd 2. Dæmi um bílastæði langs götu

- 8 Krafan um 3,8 metra breidd bílastæða gerir það mögulegt að hjólastólanotandi geti flutt sig yfir í hjólastólinn eða notað hækjur/stafi við hlið bílsins.
- 9 Bílastæði fyrir hreyfihamlaða utanhúss þarf 2,6 m fría lofthæð, svo stærri bílar og ferðapjónustu-bílar geti notað þau. Þetta á til dæmis við undir skyggnum, útskagandi skiltum, útskagandi byggingarhlutum o.þ.h.
- 10 Hámarks halli á bílastæðum hreyfihamlaðra er 1:40 (2,5 %). Meiri halli gerir hreyfihömluðum og hjálpatækjanotendum afar erfitt fyrir að athafna sig. Nauðsynlegt er að a.m.k. 1 metra breið gönguleið sé á milli bílastæða með nokkurra stæða millibili svo tryggt sé að hjólastólanotendur og gangandi komist frá bílastæðum að gangstétt. Þessa gönguleið er nauðsynlegt að merkja á yfirborði með því að mála hana með gulum röndum á ská (45°).



Mynd 3. Dæmi um bílastæði hreyfihamlaðra



- 11** Nauðsynlegt er að merkja stæði fyrir hreyfihamlaða bæði í yfirborðsefni og með lóðréttum skiltum. Merking bílastæða fyrir hreyfihamlaða í yfirborðsefni skal vera hvítmálað merki hreyfihamlaðra á dökkbláum grunni. Forðast skal að heilmála bílastæði fyrir hreyfihamlaða því málningin fyllir upp í holur í malbiki og hellum og veldur því að yfirborðið verður of hált. Lóðrétt skilti skulu vera merkt bókstafnum P og merki hreyfihamlaðra. Gæta þarf þess að lóðrétt skilti séu ekki staðsett í gönguleiðum og athafnarýmum. Æskilegt er að þau séu fest á veggri bygginga þar sem því verður við komið, annars við jaðar gönguleiða og athafnarýma fjær götu/bílastæði.




Mynd 4. Dæmi um yfirborðsmerkingu



Mynd 5. Dæmi um lóðrétt skilti

- 12** Kantur frá t.d. bílastæði að fláa á gangstétt má að hámarki vera 25 mm hár til að fólk í hjólastól geti farið um hann. Kanturinn er nauðsynlegur sjónskertu og/eða blindu fólki til að nema gangstétt frá annari umferð. Æskilegt er að flái sé í öðrum lit en gangstétt og gata þannig að sjónskertir sem ekki nota hvítan staf geti betur greint hæðamismun og halla. Hámarks halli á fláanum er 1:10 (10 %). Ef hallinn er meiri er hætta á að hjólastóllinn velti.



Mynd 6. Dæmi um fláa í gangstétt

## Tilvísanir

<http://www.sbi.dk/tilgaengelighed/tjeklister>

<http://byggeregler.dibk.no/dxp/content/tekniskekrav/12>

<http://boverket.se/Bygga--forvalta/Bygg--och-konstruktionsregler-ESK>

<http://byggningsreglementet.dk/br10>

<http://www.rabygg.is/adgengi/>



### Heimildir

- Tilgængelighed-tjekklister, Statens Byggeforskningsinstitut, Aalborg Universitet, 26.08.2011
- DiBK Byggregler - Veiledning om tekniske krav til byggverk, Ho-2/2011
- Boverkets byggsregler, BBR 19, 10.10.2011
- Bygningsreglementet.dk, 29.08.2011
- Aðgengi fyrir alla -handbók um umhverfi og byggingar, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, 2002